

Júlí 2019



# Ársskýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 2018

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b> .....	3
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytis</b> .....	5
<b>Málefnasvið</b> .....	8
<b>Málaflokkar</b> .....	10
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna .....	10
Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar .....	11
Ferðaþjónusta .....	15
Orkumál .....	18
Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	21
<b>Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða</b> .....	22
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila</b> .....	23

# Ávarp ráðherra

Á árinu 2018 var fjöldi mikilvægra verkefna ýtt úr vör á sviði ferðamála, nýsköpunar, iðnaðar og orku, viðskipta og samkeppnis- og neytendamála. Þetta eru allt fjölbreyttir og mikilvægir málaflokkar sem eiga það sameiginlegt að skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og þar með verðmætasköpun í landinu og lífskjör þjóðarinnar.

Málefni nýsköpunar voru í forgrunni á árinu 2018. Vinna við mótun nýsköpunarstefnu ásamt endurskoðun á lögum um Vísinda- og tækniráð hófst. Þá var áhrifamat Tækniþróunarsjóðs gefið út sem sýndi fram á mikilvægi sjóðsins fyrir íslenskt atvinnulíf. Einnig má nefna stofnun tækniyfirfærsluskrifstofunnar Auðnu sem er ætlað að brúa bilið milli háskólasamfélags og atvinnulífs og undirbúning að framkvæmd samkeppnismats í samstarfi við OECD.

Árið 2018 komu 2,3 milljónir ferðamanna hingað til lands sem nam 5,5% vexti frá árinu 2017. Á árinu hægdist því á fjölgun ferðamanna frá því sem verið hafði árin á undan. Markvisst var unnið að málefnum ferðaþjónustunnar með það að markmiði að ná utan um hinn mikla vöxt liðinna ára í komum ferðamanna, m.a. með því að setja á fót Heimagistingarvakt til að ná utan um skráningar- og rekstrarleyfisskylda gististarfsemi. Þá var unnið að viðamiklu verkefni undir heitinu Álagsmat umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjöldi ferðamanna á Íslandi, sem nú hefur fengið heitið Jafnvægisás ferðamála og leggur grunn að framtíðarstefnumótun ferðaþjónustunnar. Einnig náðist töluverður árangur í starfsemi Flugþróunarsjóðs varðandi beint flug til Akureyrar.

Á árinu 2018 skipaði ég starfshóp um mótun langtíma orkustefnu fyrir Ísland, með þátttöku allra þingsflokka. Þetta verkefni er líklega það mikilvægasta sem við stöndum frammi fyrir á sviði orkumála og auðlindanýtingar almennt. Orkumál eru þess eðlis að þau hafa fjölmarga snertifleti við grundvallarþætti samfélagsins. Það blasir við að orkumál eru nátengd byggðamálum, umhverfismálum, efnahagsmálum, nýsköpun, rannsóknum og almennri lífsgæðapróun.

Einnig var á árinu unnið að verkefnum á sviði orkuskipta, orkuöryggis og þrífösun rafmagns, auk þess sem þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku var samþykkt á Alþingi.



Á sviði samkeppnis-, neytenda- og almennra viðskiptamála var enn fremur ýmsum mikilvægum verkefnum ýtt úr vör á árinu með áherslu á einföldun regluverks og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Má þar t.d. nefna samstarfsverkefni með OECD um samkeppnismat.

Hér hefur aðeins verið tæpt á nokkrum helstu markmiðum og áherslum í starfi ráðuneytisins á árinu. Ég tel að árið hafi verið farsælt fyrir málaflokka ráðuneytisins og þakka öllum þeim fjölmörgu sem við í ráðuneytinu áttum gott samstarf við á árinu.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir  
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðuneyta; efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tveir ráðherrar fara með málaflökka ráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skrifstofur ráðuneytisins eru sex, fjórar fagskrifstofur, skrifstofa ráðuneytisstjóra og stoðskrifstofa sem starfar þvert á ráðuneytið.

Fagskrifstofur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eru tvær; skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta og skrifstofa ferðamála og nýsköpunar. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflökka sem eru á þeirra forræði, í samráði við stofnanir ráðuneytisins. Stofnanir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eru sjö talsins.

Tvö málefnasvið eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra en það eru málefnasvið 14 Ferðaþjónusta og málefnasvið 15 Orkumál. Einnig fer ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra með hluta málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á árinu 2018 er miðuðu að því að styðja við þau markmið sem skilgreind voru fyrir árið 2018. Meðal helstu verkefna eru eftirfarandi:

- Vinna við mótun heildstæðrar nýsköpunarstefnu hófst með skipan verkefnastjórnar og stýrihóps um verkefnið en stefnt er að því að skila drögum að stefnu með aðgerðaáætlun í júní á þessu ári. Markmið með nýsköpunarstefnu er meðal annars að auka skilvirkni í opinberum stuðningi við nýsköpun í landinu, efla vöxt sprotafyrirtækja og auka útflutning á afurðum nýsköpunar.
- Í samvinnu við forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið var farið af stað með verkefni sem snerist um endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð með það að markmiði að einfalda ferla við stefnumótun og stjórnun vísinda- og tæknimála í landinu. Áætlað er að skýrslu með tillögum um endurskipulagningu ráðsins verði skilað fyrir árslok 2019.
- Sérfræðingahópur á vegum ráðherra skilaði skýrslu um málefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) og nýtast tillögur hópsins sem innlegg í nýsköpunarstefnu. Viðsnúningur hefur orðið á rekstri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á

síðustu tveim árum; reksturinn var einfaldaður og yfirbygging minnkuð. Aukin hreyfing hefur orðið á eignasafni sjóðsins, sem síðan skilar sér í aukinni fjárfestingargetu sem kemur sprotafyrirtækjum til góða.


- Starfshópur um eflingu nýsköpunar og hagvaxtar, í samvinnu við MIT-háskólann í Boston, skilaði skýrslunni Aðgerðir til eflingar nýsköpunardrífins hagvaxtar, en þar var meðal annars lögð áhersla á mikilvægi stofnunar tækniyfirfærsluskristofu til að brúa bilið milli háskóla og atvinnulífs. Í lok árs var tækniyfirfærsluskristofan Auðna – tæknitorg formlega opnuð, en hún er samvinnuverkefni háskóla og rannsóknarstofnana hér á landi, með aðkomu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni hófst undirbúningur að áhersluverkefnum um sjálfbæra ferðamennsku á Norðurlöndum, með áherslu á aukna tæknivæðingu greinarinnar samfara aukinni sjálfbærni í nýtingu staðbundinna auðlinda. Einnig tekur ráðuneytið þátt í norrænu áhersluverkefni um málefni hafsins á norðurslóðum, sem einnig snýr að orkuskiptum og sjálfbærri tækniþróun á hafnarsvæðum við Norður-Atlantshafið. Meðal annarra norrænna samstarfsverkefna má nefna greiningu á stuðningsumhverfi nýsköpunar og græns hagvaxtar á Norðurlöndum og samstarf við Nordisk Innovation um ferðastyrki til efnilegra sprotafyrirtækja til að sækja þjálfun í Kísildalnum.
- Lög nr. 96/2018, um Ferðamálastofu, voru samþykkt í stað laga um skipan ferðamála. Þau fela í sér skýrari afmörkun á verkefnum Ferðamálastofu, breytt hlutverk ferðamálaráðs, breyttar skilgreiningar sem tengjast innleiðingu á tilskipun um pakkaferðir, kröfur til ferðaþjónustuaðila um gerð öryggisáætlana og skilvirkari þvingunarúrræði Ferðamálastofu.
- Fyrsta áfanga viðamikils verkefnis undir heitinu Álagsmat umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjölda ferðamanna á Íslandi var lokið, þar sem skilgreindir voru á sjöunda tug sjálfbærnisvísa, og vinna við áfanga tvö sett af stað þar sem sjálfbærnisvísarnir verða gildissettir.
- Unnið var að bættu orkuöryggi á landsvísu og í því skyni voru tveir starfshópar skipaðir. Annars vegar starfshópur um raforkuflutning í dreifbýli (þriggja fasa rafmagn) og hins vegar starfshópur um orkuöryggi á heilidsölu-markaði raforku. Fyrri hópurinn hefur lokið við vinnu sína en sá síðari er enn að störfum.

## Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tilheyra fjórum málefnasviðum. Ráðherra fer, sem fyrr segir, einn með forræði tveggja málefnasviða, þ.e. 14 Ferðaþjónusta og 15 Orkumál, en að hluta til með forræði málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar.

Raunútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 14.992,7 m.kr. árið 2018 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

## Rekstrargjöld og fjárfestingar 2018



Fjárhæðir í milljónum króna

Raunútgjöld málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar námu 8.202,7 m.kr. á árinu 2018. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í nýsköpun og atvinnuþróun.

Raunútgjöld á málefnasviði 14 Ferðaþjónusta námu um 1.909,8 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar.

Raunútgjöld málefnasviðs 15 Orkumál námu um 3.858,3 m.kr. Undir málefnasviðið heyra ýmis verkefni og samningar í orkumálum.

Raunútgjöld málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar námu 1.021,9 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd viðskiptamálum og neytendamálum

# Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra námu 14.993 m.kr. en gert var ráð fyrir því að til ráðstöfunar yrðu 15.268 m.kr. Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

## Rekstur málefnasviða og málaflokka Tafla 1

Málaflokkar - rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>8.203</b>	<b>7.826</b>	<b>-377</b>	<b>-4,8%</b>	<b>435</b>	<b>-1.115</b>	<b>-9%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum	2.766	2.786	20	0,7%	107	-273	-8%
0720 - Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	5.437	5.040	-396	-7,9%	204	-262	-6%
<b>14 Ferðapjónusta</b>	<b>1.910</b>	<b>2.368</b>	<b>458</b>	<b>19,4%</b>	<b>-3</b>	<b>4</b>	<b>0%</b>
1410 - Stjórnun ferðamála	1.183	1.344	161	12,0%	3	-2	0%
1420 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum	727	1.024	298	29,1%	-6	6	-103%
<b>15 Orkumál</b>	<b>3.858</b>	<b>3.967</b>	<b>108</b>	<b>2,7%</b>	<b>1.196</b>	<b>-2.331</b>	<b>-7%</b>
1510 - Stjórnun og þróun orkumála	3.858	3.967	108	2,7%	1.178	-2.155	-7%
<b>16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála</b>	<b>1.022</b>	<b>1.108</b>	<b>86</b>	<b>7,7%</b>	<b>2.356</b>	<b>-4.712</b>	<b>-13%</b>
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	723	726	3	0,4%	2.192	-3.039	-11%
1620 - Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	299	382	83	21,6%	167	-205	-10%

*Fjárhæðir í milljónum króna*

## 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Málefнасvið 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar skiptist í 7.1 Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum og 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar. Sá hluti málaflokks 7.1 sem er á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lýtur að framlögum til Tækniþróunarsjóðs en málaflokkur 7.2 heyrir allur undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Málefнасviðinu tilheyra tvær stofnanir, Einkaleyfastofan og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt starfsemi Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Til ráðstöfunar voru alls 7.826 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 8.203 m.kr. og uppsafnað frávik því 377 m.kr. halli. Frávikid skýrist af 877 m.kr. halla af styrkjum til nýsköpunarfyrirtækja, sem veittir voru í formi skattfrádráttar fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu. Þessi liður hefur vaxið mikið undanfarin ár og ekkert hámark er á útgreiðslu styrkjanna í heild. Á mótí skilaði fjárlagaliðurinn Nýsköpun og atvinnuþróun 312 m.kr. afgangi og Einkaleyfastofan 133 m.kr. afgangi.



## 14 Ferðaþjónusta

Málefnasvið 14 Ferðaþjónusta skiptist í tvo málaflokka, 14.1 Stjórnun ferðamála og 14.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum. Undir málefnasviðið falla styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem og framlög til ýmissa samninga og verkefna tengd rannsóknnum, þróun og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun, Ferðamálastofa, auk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Flugþróunarsjóðs.

Til ráðstöfnunar voru alls 2.368 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 1.910 m.kr. og uppsafnað frávik því 458 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist annars vegar af 298 m.kr. afgangi af rannsóknnum, þróun og nýsköpun í ferðamálum, sem er að stærstum hluta uppsafnaður frá fyrra ári, og hins vegar af 169 m.kr. afgangi af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

## 15 Orkumál

Málefnasvið 15 Orkumál nær m.a. yfir flutning og dreifingu raforku, raforkumarkaði, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, orkuskipti, nýtingu auðlinda í jörðu og á hafsbotni, hitaveitur, orkuöryggi, vishönnun vöru og orkumerkingar. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Orkustofnun, auk þess sem Orkusjóður tilheyrir málefnasviðinu ásamt ýmsum samningum og verkefnum, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfnunar voru alls 3.967 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 3.858 m.kr. og uppsafnað frávik því 108 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist að stærstum hluta af afgangi af rekstri Orkustofnunar, samtals 83 m.kr.

## 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Málefnasvið 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar nær til aðkomu ríkisins að atvinnugreinum landsins. Meginviðfangsefni málefnasviðsins er að stuðla að hagfelldri umgjörð fyrir atvinnuvegina, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, efla rannsóknir, þróun og nýsköpun og hafa yfirumsjón með að lögbundnu eftirliti sé sinnt í samræmi við lög. Undir málefnasviðið falla tvær stofnanir, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa, auk þess sem starfsemi Hönnunarsjóðs heyrir undir málefnasviðið.

Til ráðstöfnunar voru alls 1.108 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 1.022 m.kr. og uppsafnað frávik því 86 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist að stærstum hluta af afgangi á safnliðnum Ýmis verkefni að fjárhæð 83 m.kr.

Sett voru fram 12 markmið á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 og til að styðja við þau markmið voru 35 aðgerðir skilgreindar fyrir árið 2018. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

# Málaflokkar

## Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hverrar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu.

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2018

Í fjárlögum 2018 voru alls 55 aðgerðir skilgreindar til framkvæmda í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sumar þeirra ná yfir eitthvert árabíl. Af þeim tókst að ljúka eða hefja vinnslu á 45 aðgerðarlutum sem fara átti í á árinu 2018. Átta aðgerðarlutar ársins 2018 voru í undirbúningi en tveir voru ekki hafnir.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
7.2 Nýsköpun og markaðsmál	1	4	1	6		12
14.1 Stjórnun ferðamála	1	1	1	1		4
14.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum		2		1		3
15.10 Orku- og eldsneytismál	1	5	2	1		9
16.20 Stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar		6	1			7
Samtala	0	3	18	5	9	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

# Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

## Málefnasvið 7

### Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Undir málaflokkinn falla ýmis verkefni tengd iðnaði og nýsköpun, s.s. endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritun tónlistar. Meðal stofnana sem falla undir málaflokkinn eru Einkaleyfastofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Markmið málaflokksins miða að því að leggja grunn að aukinni nýsköpun og framþróun þekkingar og tækni innan atvinnugreina og hjá stjórnvöldum.

#### MARKMIÐ 1

#### Aukin framleiðni á grunni nýsköpunar, samkeppni og minni reglubyrði

Mælikvarði 1a: Framleiðni vinnuafls.

Mælikvarði 1b: Aðgangshindranir í samanburði við aðrar Norðurlandþjóðir.

Mælikvarði 1c: Árleg aukning sölutekna sprotafyrirtækja.

Markmið 1 varðaði áskorun stjórnvalda um að stuðla að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni atvinnulífs, m.a. í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar. Leiðir að því markmiði fela m.a. í sér að stuðla að virkri samkeppni og draga úr reglubyrði auk áframhaldandi stuðnings við þróun og nýsköpun atvinnugreina.

Tölur frá Hagstofu Íslands sýna að hlutfallslegur útflutningur tækni- og hugverkaiðnaðar jókst um 3% milli árána 2017 og 2018 (án útflutnings á lyfjum). Framleiðni jókst einnig á árinu 2018 en ekki liggur fyrir að hve miklu leyti sú aukning byggist á nýsköpun. Framleiðni vinnuafls á Íslandi er reyndar mun betri en áður var talið en leiðréttur útreikningur á fjölda vinnustunda leiddi til þess að Íslandi mælist nú meðal efstu OECD þjóða hvað framleiðni varðar.

Á árinu samþykkti Alþingi m.a. lög nr. 134/2018, um breytingu á lögum um tekju-skatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa, skattfrádráttur nýsköpunarfyrirtækja). Þau taka til skattfrádráttar vegna hlutabréfakaupa og voru sett í því skyni að hvetja til frekari nýtingar einstaklinga á þessari skattalegu ívilnun. Gildistími ívilnunarinnar var framlengdur um þrjú ár í samræmi við stefnu stjórnvalda um að auka aðgengi að fjármagni fyrir smærri fyrirtæki í vexti og nýsköpunarfyrirtæki. Með lögum var kerfið einnig gert einfaldara og skilvirkara í framkvæmd, m.a. með því að fækka skilyrðum sem snúa að einstaklingum og fyrirtækjum. Einnig voru gerðar breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sem fólu m.a. í sér að viðmiðunarfjárhæðir voru hækkaðar í 600 m.kr. annars vegar og 900 m.kr. hins vegar. Breytingarnar voru liður í þeirri stefnu stjórnvalda að auka verulega stuðning við rannsóknir og tækniþróun nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. Helstu hátækni- og nýsköpunarfyrirtæki hér á landi hafa nýtt sér þennan skattfrádrátt og hefur umsókn um skattfrádrátt fjölgað frá ári til árs.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Framkvæma samkeppnismat á lögum og reglum valinna atvinnugreina.	Undirbúningur að framkvæmd samkeppnismats hófst og var samningur við OECD um framkvæmd verkefnisins undirritaður í lok árs. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2020.	2018-2019
Móta tillögur að framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar.	Undirbúningur hafinn. Við framkvæmd samkeppnismats OECD verður til þekking sem nýtist við undirbúning lagasetningar og kemur í veg fyrir óþarfa reglubyrði og reglur sem hindra samkeppni.	2018
Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans (styður einnig við markmið 2 og 3).	Skýrsla um áhrif styrkveitinga Tækniþróunarsjóðs á árunum 2009–2013 gefin út á árinu.	
Meta umhverfi nýsköpunar, árangur og móta tillögur til úrbóta (styður einnig við markmið 3)	Niðurstöður greiningar um „Stöðu og rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins“ kynntar á árinu. Einnig voru kynntar niðurstöður starfshöps í samvinnu við MIT um „Aðgerðir til eflingar nýsköpunardrífins hagvaxtar“. Vinna við mótun nýsköpunarstefnu hófst á árinu og einnig endurskoðun á lögum um Vísinda- og tækniráð	2018
Bæta þjónustu í tengslum við sókn fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana í alþjóðlega samkeppnissjóði (styður einnig við markmið 3).	Rannís hafði milligöngu um þátttöku í evrópsku rannsóknasamstarfi á sviði jarðvarma og líftækni tengda hafinu. Á norrænum vettvangi tók ráðuneytið þátt í nokkrum nýjum verkefnum á vegum Nordic Innovation og NordForsk. Auðna Tæknitorg var stofnað í samvinnu háskóla og rannsóknastofnana á landinu og með aðkomu ANR og MRN. Tilgangur Auðna Tæknitorgs er að brúa bilið milli háskólasamfélags og atvinnulífs og styðja við vöxt sprotafyrirtækja úr háskólaumhverfinu.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Aukin hagnýting lausna sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðum umhverfisáhrifum

#### Mælikvarði 2a: Fjöldi lausna og nýrra aðferða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Markmið 2 miðar að því að stjórnvöld stuðli að þróun hagnýtra lausna sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda, auk annarra neikvæðra umhverfisáhrifa, þvert á atvinnugreinar í samræmi við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands studdi á árinu duglega við þróun hagnýtra grænna lausna í fyrirtækjum, t.d. þróun umhverfisvænna lausna í stóriðju, byggingariðnaði og áburðarframleiðslu svo dæmi séu tekin. Í sjávarútvegi hafa íslensk nýsköpunarfyrirtæki, studd af Tækniþróunarsjóði og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, komið fram með hátæknilausnir í þágu aukinnar sjálfbærni, aukinna gæða og betri nýtingar sjávarafurða og vakið athygli á heimsvísu.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans (styður einnig við markmið 1 og 3).	Skýrsla um áhrif styrkveitinga Tækniþróunarsjóðs á árunum 2009–2013 gefin út á árinu.	2018–2022
Greina áhrif þekkingargreina á framþróun atvinnuvega og lausnir til að styðja við umhverfisvernd (styður einnig við markmið 3).	Stuðningur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands við þróun hagnýtra grænna lausna, t.d. í stóriðju, byggingariðnaði og áburðarframleiðslu. Stuðningur Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins við nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi.	2018–2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 3

#### Fjölgun starfa í þekkingargreinum um allt land

##### Mælikvarði 3a: Árleg fjölgun starfa innan þekkingargreina.

Markmið 3 byggist á því að nýsköpun og samkeppni stuðli að vexti þekkingargreina um land allt, þ.m.t. hugverka- og tæknigreina, og störfum fjölgi að sama skapi þvert á atvinnuvegi og hjá hinu opinbera. Í greiningum Hagstofu Íslands á atvinnuþróun kemur fram að fjöldi starfa fyrir fólk með starfs- og framhaldsmenntun eða háskólamenntun hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2010. Sérstaklega á það við um störf háskólamenntaðra, sem jukust um rúmlega 6% milli ára 2017 og 2018. Þá fjölgaði störfum í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi um 3% milli ára.

Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2009–2013 var gefið út á árinu 2018 en niðurstöður þess gefa til kynna að sjóðurinn gegni mjög mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi og sé líklega forsendan fyrir því að þekking og drifkraftur frumkvöðla skilar raunverulegum árangri. Samkvæmt áhrifamatinu áttu styrkir sjóðsins þátt í því að skapa ný störf hjá 70% styrkþega, 89% styrkþega bjuggu til nýja frumgerð af vöru eða þjónustu og 41% styrkþega stofnuðu nýtt fyrirtæki utan um afurðina eða niðurstöðuna.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins losaði hlut í nokkrum fyrirtækjum á árinu 2018. Fjármagnið var nýtt til að fjárfesta á ný í frumkvöðlafyrirtækjum. Jákvæður umsnúningur hefur orðið á rekstri sjóðsins sem hefur góð áhrif á fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja.

Tækniyfifærsluskrifstofan Auðna – tæknitorg var stofnuð í lok ársins, með aðkomu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og mennta- og menningar- málaráðuneytisins, í samvinnu við háskóla og rannsóknarstofnanir á landinu. Tilgangur Auðnu – tæknitorgs er að brúa bilið milli háskólasamfélags og atvinnulífs og hvetja til stofnunar sprotafyrirtækja úr háskólaumhverfinu, en greiningar á stuðningsumhverfi nýsköpunar höfðu sýnt fram á að mikil þörf var fyrir slíka starfsemi hér á landi.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans (styður einnig við markmið 1 og 3).	Skýrsla um áhrif styrkveitinga Tækniþróunarsjóðs á árunum 2009–2013 gefin út á árinu.	2018–2022
Meta umhverfi nýsköpunar, árangur og móta tillögur til úrbóta (styður einnig við markmið 1).	Niðurstöður greiningar um „Stöðu og rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins“ kynntar á árinu. Einnig voru kynntar niðurstöður starfshóps í samvinnu við MIT um „Aðgerðir til eflingar nýsköpunardrífins hagvaxtar“. Vinna við mótun nýsköpunarstefnu hófst á árinu og einnig endurskoðun á lögum um Vísinda- og tækniráð	2018–2022
Bæta þjónustu í tengslum við sókn fyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana í alþjóðlega samkeppnissjóði (styður einnig við markmið 1).	Rannís hafði milligöngu um þátttöku í evrópsku rannsóknasamstarfi á sviði jarðvarma og líftækni tengda hafinu.  Á norrænum vettvangi tók ráðuneytið þátt í nokkrum nýjum verkefnum á vegum Nordic Innovation og NordForsk.  Auðna Tæknitorg var stofnað í samvinnu háskóla og rannsóknastofnana á landinu og með aðkomu ANR og MRN. Tilgangur Auðnu Tæknitorgs er að brúa bilið milli háskóla-samfélags og atvinnulífs og styðja við vöxt sprotafyrirtækja úr háskólaumhverfinu.	
Greina áhrif þekkingargreina á framþróun atvinnuvega og lausnir til að styðja við umhverfisvernd (styður einnig við markmið 2).	Stuðningur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands við þróun hagnýtra grænna lausna, t.d. í stóriðju, byggingariðnaði og áburðarframleiðslu. Stuðningur Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins við nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi.	2018–2019
Efla byggingarrannsóknir.	Átak í rannsóknum á vistvænum byggingarefnum. Átaksverkefni sett af stað vegna rakavandamála og myglu í húsnæði.	2018–2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

# Ferðaþjónusta Málefnasvið 14

## Stjórnun ferðamála

### MARKMIÐ 1

#### Árleg aukning framleiðni

##### Mælikvarði 1a: Framleiðni vinnuafls.

Lög nr. 96/2018, um Ferðamálastofu, voru samþykkt í stað laga um skipan ferðamála. Lögin fela m.a. í sér skýrari afmörkum á verkefnum Ferðamálastofu, breytt hlutverk ferðamálaráðs, breyttar skilgreiningar sem tengjast innleiðingu á tilskipun um pakkaferðir, kröfur til ferðaþjónustuaðila um gerð öryggisáætlana og skilvirkari þvingunarúrræði Ferðamálastofu.

Eftirlit sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu með heimagistingu var stóraukið á árinu með átaksverkefninu Heimagistingarvakt. Tíðni nýskráninga í heimagistingu fimmfaldaðist í kjölfar átaksins, skráðum eignum fjölgaði um nær 100% á milli ára og áætlað er að óskráðum og leyfislausum gististöðum hafi fækkað um rúmlega 30%.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar hélt áfram starfsemi við að aðstoða og koma á tengslum milli fræðsluaðila og fyrirtækja, en á árinu var samið við um 70 fyrirtæki í ferðaþjónustu með tæplega 2.000 starfsmenn. Hæfnisetrið greinir fræðsluþarfir, mótar leiðir, eykur samvinnu um fræðslu og kemur henni á framfæri til fræðsluaðila og fyrirtækja

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskoða skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnarsýslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða.	Lög um skipan ferðamála felld úr gildi og samþykkt ný lög um Ferðamálastofu. Átaksverkefnið Heimagistingarvakt sett af stað og eftirlit sýslumanns með heimagistingu stóraukið.	2018–2019
Móta langtímaþefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu (styður einnig við markmið 3).	Undirbúningur hafinn. Byggt verður á leiðarljósum og jafnvægisás ferðaþjónustunnar.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

#### Árlegur samdráttur í losun

##### Mælikvarði 2a: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (þúsund tonn CO<sub>2</sub>-ígilda).

Loftslagsmál eru meðal áherslumála ríkisstjórnarinnar og í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna var stefnt að gerð aðgerðaáætlunar um samdrátt í losun. Fulltrúi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra átti sæti í verkefnastjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030. Meginmarkmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu til ársins 2030. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru meðal helstu áhersluatriða aðgerðaáætlunarinnar.

Fulltrúi ráðherra átti einnig sæti í starfshópi um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, sem hafði það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, einkum koltvísýrings, og annarra mengandi efna frá ökutækjum. Skýrsla starfshópsins kom út á árinu 2018.

Á árinu 2018 lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi skýrslu um þolmörk ferðamennsku. Í þeirri skýrslu má finna heildstæða úttekt á niðurstöðum rannsókna á sviði þolmarka ferðamennsku á Íslandi og tillaga sett fram um mótun verkferils sem getur auðveldað stýringu og skipulag í tengslum við áfangastaði og stuðlað að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu.

Lokið var við fyrsta áfanga viðamikils verkefnis undir heitinu Álagsmat umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjölda ferðamanna á Íslandi. Tilgangur þess er að leggja mat á álag af völdum ferðamennsku á samfélagslega, efnahagslega og umhverfislega innviði samkvæmt fjölda sjálfbærnisvísana sem skilgreindir hafa verið. Unnið er að öðrum áfanga verkefnisins en sá áfangi gengur út á að gildisetja sjálfbærnisvísana og meta hvort þolmörkum þeirra hafi verið náð eða hvort líklegt sé að þeim verði náð í fyrirsjáanlegri framtíð. Álagsmatið mun nýtast við mótun framtíðarstefnu Íslands sem áfangastaðar og sem hjálpartæki við stjórnun með það að markmiði að íslensk ferðaþjónusta verði sjálfbær til lengri tíma.

### MARKMIÐ 3

#### Viðhalda jákvæðu viðhorfi til ferðaþjónustu

**Mælikvarði 3a: Meðmælaskor erlendra ferðamanna.**

**Mælikvarði 3b: Hlutfall landsmanna sem eru jákvæðir í garð ferðaþjónustu.**

Áfangastaðaáætlanir voru birtar á árinu en þær eru unnar í samvinnu við Markaðsstofur landshlutanna sem eru sex talsins og fer hver með verkefnisstjórn áætlanagerðar á sínu svæði. Áfangastaðaáætlanirnar eru sameiginleg stefnuýfirlýsing þess efnis að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Alls var 722 m.kr. úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árinu 2018 til 56 staða. Sérstök áhersla var lögð á að fjölga viðkomustöðum ferðamanna til að minnka álag á fjölsóttum stöðum, en 21 verkefni laut að þessu markmiði.

Flugþróunarsjóður hélt áfram starfsemi með það að markmiði að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands svo að koma mætti á reglulegu millilandaflogi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði og stuðla þannig að aukinni dreifingu ferðamanna um landið. Verkefnið hefur borið góðan árangur, en breska ferðaskrifstofan Super Break bauð áfram upp á áætlunarflug til Akureyrar annað árið í röð og hátt í tvöfaldaði fjölda ferða frá vetrinum áður.



Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Móta langtímastefnu um þróun sjálfberrar ferðabjónustu (styður einnig við markmið 1).	Áfangastaðáætlanir unnar í samvinnu við Markaðsstofur landshlutanna. Áhersla lögð á styrkveitingar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til verkefna sem miðuðu að því að fjölga viðkomustöðum ferðamanna til að minnka álag á fjölsóttum stöðum.	2018–2020
Gera aðgerðaáætlun um samhæfingu öryggismála, löggæslu, heilsugæslu og samgangna m.t.t. ferðabjónustu.	Verkefnið er hafið.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum

### MARKMIÐ 1

#### Aukið umfang rannsókna og nýsköpunar m.t.t. sjálfbærni og aukins virðisauka

##### Mælikvarði 1a: Árleg fjölgun rannsóknar- og nýsköpunarverkefna.

Mælaborð ferðabjónustunnar fluttist til Ferðamálastofu og áfram var unnið að gagnaöflun undir formerkjum verkefnisins Áreiðanleg gögn sem sett var af stað á árinu 2016 með atbeina Stjórnstöðvar ferðamála. Þá var í lögum um Ferðamálastofu, sem samþykkt voru á árinu, gert ráð fyrir auknu hlutverki Ferðamálastofu við öflun, miðlun og úrvinnslu upplýsinga sem og við greiningu á þörf fyrir rannsóknir sem m.a. nýtast við stefnumótun stjórnvalda. Í beinu framhaldi af því var rannsóknar- og tölfræðisvið sett á laggirnar hjá Ferðamálastofu. Hugað var að stuðningi við ferðabjónustuna með áherslu á sjálfvirknivæðingu og stafræna ferla.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Meta fyrirkomulag greiningar-, rannsóknar- og þróunarstarfa, s.s. með tilliti til gagnaöflunar, forgangsroðunar, fyrirkomulags verkefna og fjármögnunar.	Lög um Ferðamálastofu samþykkt en þau gera ráð fyrir auknu hlutverki Ferðamálastofu við öflun, miðlun og úrvinnslu upplýsinga.	2018–2020
Auka rannsóknir á m.a. umbótum, þróun, vexti og áhrifum ferðabjónustu á umhverfi og samfélag, auk sviðsmynda-greininga til skemmri og lengri tíma.	Rannsóknar- og tölfræðisvið sett á laggirnar hjá Ferðamálastofu.	2018–2022
Endurmeta þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að stuðla að markvissari áætlanagerð, þekkingaröflun og skilvirkri stjórnsýslu.	Verkefnið er hafið.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Orkumál Málefnasvið 15

### Stjórnun og þróun orkumála

#### MARKMIÐ 1

#### Tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á almennum markaði, og þar með orkuöryggi

Mælikvarði 1a: Hlutfall framboðs og eftirspurnar raforku með hliðsjón af orkuspá.

Á árinu voru að störfum tveir starfshópar til að styðja við þetta markmið. Annars vegar starfshópur um raforkuflutning í dreifbýli (þriggja fasa rafmagn) og hins vegar starfshópur um orkuöryggi á heiltsölumarkaði raforku. Fyrirnefndi starfshópurinn hefur lokið störfum en sá síðarnefndi er enn að störfum.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Tryggja orkuöryggi á heiltsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila með lagabreytingu.	Starfshópur um raforkuflutning í dreifbýli (þriggja fasa rafmagn) skipaður og hefur hann lokið störfum. Einnig var skipaður starfshópur um orkuöryggi á heiltsölumarkaði raforku og er sá hópur enn að störfum.	2018–2020
Starfshópur skipaður um gerð orkustefnu.	Á árinu var skipaður starfshópur um mótun langtímaorkustefnu, með fulltrúum allra þingflokka. Áætlað er að vinnunni ljúki í byrjun árs 2020. Í orkustefnu verður byggt á áætlaðri orkuþörf til langs tíma og hvernig tryggja megi raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf.	2018-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

#### MARKMIÐ 2

#### Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands

Mælikvarði 2a: Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum.

Mælikvarði 2b: Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi og skyldri starfsemi.

Árið 2016 var hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum 6%. Í fjármála-áætlun fyrir árin 2018–2022 var sett markmið um 8% árið 2018 og 12% árið 2022. Viðmiðið fyrir árið 2018 náðist og gott betur þar sem hlutfallið það ár var 9,1%.

Unnið var að áframhaldandi orkuskiptum í samgöngum, m.a. með sérstökum innviðastyrkjum fyrir rafbíla sem Orkusjóður úthlutaði fyrir árin 2016, 2017 og 2018, samtals um 200 m.kr.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Miðla þekkingu um mikilvægi hugverka-verndar í orkumálum (styður einnig við markmið 1 og 3).	Unnið í samstarfi við Einkaleyfastofu og Orkuskiptum.	2018–2020
Vinna að orkuskiptum í samræmi við aðgerðaáætlun á grunni þingsályktunar.	Unnið að áframhaldandi orkuskiptum í samgöngum, m.a. með sérstökum innviðastyrkjum fyrir rafbíla (200 m.kr. á tímabilinu 2016–2018).	2018–2022
Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um jarðhitánýtingu og hitaveituvæðingu.	Unnið að undirbúningi jarðvarmaþings World Geothermal Congress í samstarfi við Orkuskiptum o.fl.	2018–2022

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 3

#### Jafna orkukostnað vegna dreifingar raforku á landsvísu

Mælikvarði 3a: Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli og þéttbýli.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 var stefnt að því að hlutfall niðurgreiðslu (jöfnunar) dreifingar raforku í dreifbýli yrði 70% á árinu 2018. Reyndin varð sú að á árinu 2017 var hlutfall jöfnunar dreifikostnaðar 61% og árið 2018 53%.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Starfshópur skipaður um raforkuflutning í dreifbýli, jöfnun orkukostnaðar og átak í þrífösum rafmagns.	Starfshópur að störfum árið 2018. Starfshópurinn hefur nú lokið vinnu sinni.	2018–2020
Nýta og greina tækifæri til að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna.	Verkefni um miðlæga sjóvarmadælu í Vestmannaeyjum fylgt eftir (var veittur styrkur 2016–2017). Önnur verkefni til skoðunar.	2018–2020
Greina möguleika á smávirkjunum (undir 10MW) á landsvísu og staðbundnum lausnum í orkumálum.	Orkustofnun falið verkefnið og tryggt fjármagn til þess. Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2021

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið


### MARKMIÐ 4

#### Lágmarkskröfur um afhendingaröryggi gildi um allt land

Mælikvarði 4a: 1) rofið álag, 2) straumleysismínútur, 3) lengd truflana.

Markmiðið byggist á því að tryggja að lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku gildi um allt land.

Á árinu 2018 unnu starfshópar á vegum ráðuneytisins (Vestfjarðanefnd og Norðausturnefnd) að tillögum og áætlunum um bætt afhendingaröryggi og styrkingu svæða. Áfram er unnið að því. Einnig var á árinu samþykkt tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, en hún styður við eflingu afhendingaröryggis raforku á landsvísu.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Mat á endurbótum til að tryggja orkuöryggi svæða sem búa við skert afhendingaröryggi.	 Tvær nefndir að störfum, Vestfjarðarnefnd og Norðausturnefnd, sem unnu að tillögum og áætlunum um bætt afhendingaröryggi og styrkingu viðkomandi svæða.	2018–2022

■ Aðgerð ekki hafin  
 ■ Undirbúningur hafinn  
 ■ Aðgerð hafin  
 ■ Aðgerð komin vel á veg  
 ■ Aðgerð lokið

# Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Málefnasvið 16

## Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Meginmarkmið málaflokksins er að tryggja að starfsumhverfi íslensks atvinnulífs og nýsköpunar sé allt í senn, hvetjandi, framsækið, sanngjarnt og heiðarlegt. Á árinu 2018 var lögð áhersla á aukna stefnumótun og forgangsröðun verkefna í samráði við undirstofnanir ráðuneytisins.

### MARKMIÐ 1

#### Bætt stefnumótun, vandaðri áætlanagerð og markvissara árangursmat

Mælikvarði 1a: Fjöldi verkefna sem lokið er á réttum tíma og í samræmi við sett markmið og forsendur.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Greina fyrirkomulag áætlanagerðar með tilliti til laga um opinber fjármál, þ.á m. forgangsröðun verkefna til lengri tíma, stjórnun og eftirlit.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2020
Samræma söfnun og úrvinnslu gagna um efnahag, afkomu og starfsemi atvinnuvega.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2020
Stefna að alþjóðlegri viðurkenningu faggildingar og greina kosti þess að nýta faggiltar skoðunarstofur við opinbert eftirlit.	Unnið að alþjóðlegri viðurkenningu faggildingar og greindir kostir þess að nýta faggiltar skoðunarstofur við opinbert eftirlit. Liður í einföldun regluverks.	2018–2020
Greina stöðu og skýra yfirsýn yfir þróun, starfsemi og áhrif þjónustugreina í hagkerfinu.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2020
Endurskoða fyrirkomulag upplýsingamiðlunar um matvæli og réttindi neytenda.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2020
Einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2021
Greina möguleika einstakra atvinnuvega til að draga úr umhverfisáhrifum af starfseminni.	Unnið að verkefninu á árinu.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstafað var úr varasjóði málaflokks 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál á árinu, samtals 7,3 m.kr., til að koma til móts við ný verkefni á sviði neytendamála á árinu 2017. Á töflu 2 má sjá yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða á árinu 2018.

<b>16.10 Markaðseftirlit og neytendamál</b>	<b>Fjárhæð</b>	<b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar</b>	<b>Fjárhæð</b>
Staða varasjóðs í upphafi árs	13,7	Staða varasjóðs í upphafi árs	1,5
04190-163 Ýmis verkefni til að jafna halla	7,3	Leiðrétt launaendurmat málaflokka	-1,1
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>6,4</b>	<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>2,6</b>

*Fjárhæðir í milljónum króna*

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 3 er yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaáttum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins 2018 að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2017. Niðurstaða frávikagreiningar sýnir að flestir fjárlagaliðir, sem heyra undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, voru með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót, þ.e. ónýttar fjárheimildir.

Mestur uppsafnaður höfuðstóll er á liðnum Nýsköpun og atvinnuþróun, samtals 312 m.kr. Liðurinn Ýmis ferðamál skilaði 298 m.kr. afgangi og er það að mestu uppsafnað frá fyrra ári. Mestur halli var á liðnum Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja. Frávikid skýrist af styrkjum sem veittir voru í forni skattfrádráttar fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu. Þessi liður hefur vaxið mikið undanfarin ár og ekkert hámark er á útgreiðslu styrkjanna í heild.

## Yfirlit yfir árslokastöðu



Fjárhæðir í milljónum króna



**Stjórnarráð Íslands**  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Ársskýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4 - 101 Reykjavík  
545 9700 | [anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)

Júlí 2019 | ISBN: 978-9935-455-02-4

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir  
Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

© 2019 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)



**Ársskýrsla ferðamála-, iðnaðar-  
og nýsköpunarráðherra**  
2018